

Fimmtudaginn 13. febrúar 1997.

Nr. 214/1996.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Aðalbirni Steingrímssyni

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Lögmenn. Greiðsla. Umboð. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1996 og krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sér verði einungis gert að greiða 952.673 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 14. júní 1991 til greiðsludags.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms. Til vara krefst hann greiðslu á 952.673 krónum auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 14. júní 1991 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en 16. september 1996 fékk hann gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Ekki er leitt í ljós, að stefndi hafi berum orðum eða á annan hátt veitt hæstaréttarlögmanni þeim, sem getið er í héraðsdómi, umboð til þess að taka við greiðslu á skuld samkvæmt hæstaréttardómi, upp kveðnum 23. maí 1991. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði ríkissjóði 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður stefnda, Aðalbjörns Steingrímssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal þóknun til lögmanns hans fyrir flutning málsins, 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. apríl 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 13. júní 1995.

Stefnandi er Aðalbjörn Steingrímsson, kt. 110845-3599, Öldutúni 14, Hafnarfirði.

Stefndi er Sjóvá-Almennar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 982.441 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum]. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 952.673 kr. auk dráttarvaxta [...].

Bæði í aðal- og varasök er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað, eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða [...]. Stefnandi fékk gjafsókn í máli þessu með bréfi dóms- og kirkju-málaráðuneytisins, dagsettu 13. október 1995.

Dómkröfur stefnda er þær, að stefndi verði alsýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málskostnað að mati réttarins. Verði sýknukrafan ekki tekin til greina, er þess krafist, að varakrafa stefnanda verði tekin til greina, en ekki aðalkrafa.

Málavextir.

Hinn 23. maí 1991 var kveðinn upp dómur í hæstaréttarmáli nr. 117/1988 um, að þrotabú Fógetans, kt. 591184-0679, skyldi greiða stefnanda 982.441 kr. auk vaxta og málskostnaðar í skaðabætur vegna örorkutjóns, sem stefnandi varð fyrir 17. maí 1985. Stefnda var stefnt til réttargæslu. Stefndi greiddi út bætur skv. dóminum til Guðnýjar Höskuldsdóttur, þá hæstaréttarlögmans, 14. júní 1991, að fjárhæð 3.621.387 kr., skv. skaðabótakvittun sama dag, sbr. og yfirlit frá stefnda, dags. 18. júlí 1991. Fjárhæðin var greidd með ávisun, sem stíluð var á Guðnýju Höskuldsdóttur. Guðný greiddi stefnanda samtals 1.000.000 kr., en notaði eftirstöðvar bótanna í eigin þágu. Þegar stefnandi varð þess vís, kærði hann atvikið til LMFÍ 26. ágúst 1991 og síðar til RLR. Guðný varð síðan gjaldþrota 9. september 1991,

skömmu eftir að hún tók við bótafjárhæðinni, og lauk skiptum á eignalausau búi hennar 1. desember 1992. Hinn 10. apríl 1992 fékk stefnandi greitt úr ábyrgðarsjóði LMFÍ 992.476 kr. og 15. 1. '93 496.238 kr. Ekki var um frekari greiðslur að ræða úr ábyrgðarsjóðnum skv. ákvörðun stjórnar LMFÍ.

Í stefnu segir, að stefnandi sé smiður að mennt og hafi haft atvinnu af smíðum, áður en hann varð fyrir umræddu örorkutjóni, sem hafi orðið til þess, að hann gat ekki sinnt starfi sínu. Hafi hann þá lent í fjárhagslegum erfiðleikum, sem hafi leitt til gjaldþrots hans 19. nóvember 1993. Garðar Briem hdl., skipaður skiptastjóri hans, ritaði 16. maí 1994 stefnda bréf og krafðist þar uppgjors á kröfu stefnanda skv. áðurnefndum dómi Hæstaréttar. Stefndi hafnaði málaleitan skiptastjórans með bréfi, dags. 6. júní sama ár. Hinn 26. ágúst 1994 lauk skiptum á þrotabúi stefnanda sem eignalausau í samræmi við 155. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Hinn 12. maí 1995 ritaði lögmaður stefnanda bréf til stefnda og krafði hann um eftirstöðvar örorkubótanna skv. hæstaréttardóminum frá 23. maí 1991. Stefndi hafnaði kröfu stefnanda með bréfi, dags. 26. maí sl.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að Guðný Höskuldsdóttir hafi ekki haft umboð frá sér til þess að innheimta, taka við og kvitta fyrir greiðslu skaðabótanna fyrir sína hönd. Stefndi telur sig af þeim sökum vera óbundinn af því uppgjöri, sem fram fór á milli stefnda og Guðnýjar Höskuldsdóttur 14. júní 1991, og að stefndi hafi ekki fullnægt greiðsluskyldu sinni gagnvart stefnanda samkvæmt dóminum og vátryggingarsamningi sínum við þrotabúi Fógetans með því að greiða Guðnýju Höskuldsdóttur bæturnar.

Stefndi hafi greitt Guðnýju bæturnar án þess að óska eftir skriflegu umboði hennar til þess að taka við bótunum. Engu breyti í þessu sambandi, þó að Guðný hafi verið skipaður málflutningsmaður stefnanda, þar sem slíkt umboð nái einungis til málflutnings fyrir rétti, sbr. 4. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942. Af þessu leiði, að greiðslan, sem stefndi innti af hendi 4. júní 1991, hljóti að vera algerlega á ábyrgð og áhættu stefnda. Um aðgangsrétt stefnanda að stefnda er vísað til 1. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Fjárhæð aðalkröfunnar er miðuð við dóm Hæstaréttar frá 23. maí 1991 að frádregnum innborgunum, sem stefnandi hefur fengið frá Guðnýju Höskuldsdóttur og ábyrgðarsjóði LMFÍ. Samkvæmt útreikningi lögmanns stefnanda námu eftirstöðvar stefnukröfunnar 12. maí 1995 2.170.197 kr. Er þá miðað við uppfærslu vaxta í fyrsta sinn 26. janúar 1989.

Fjárhæð varakröfunnar er miðuð við þá fjárhæð, sem stefndi og Guðný Höskuldsdóttir reiknuðu út, að dómkrafa stefnanda næmi 14. júní 1991, og

stefndi greiddi Guðnýju að frádreginni málflutningsþóknun Guðnýjar fyrir Hæstarétti, 180.000 kr., og innborgunum frá Guðnýju og ábyrgðarsjóði LMFÍ til stefnanda, samtals 2.488.714 kr. Krafist er dráttarvaxta frá greiðsludegi bótanna 14. júní 1991 og að vextir leggist við höfuðstól, í fyrsta skipti 14. júní 1992. Þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Um greiðsluskyldu stefnda er vísað til laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, einkum 24. gr. og 91.–96. gr. Vísað er til reglna samningaréttarins um umboð og til laga nr. 61/1942 um stöðuumboð lögmannna. Um dráttarvexti er vísað til III. kafla laga nr. 25/1987, og að því er varðar kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun, er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi veitt Guðnýju Höskuldsdóttur hrl. umboð, ekki einungis til þess að flytja greint skaðabótamál fyrir sína hönd, þar sem í því umboði hafi einnig falist að taka á móti greiðslu samkvæmt dóminum.

Málflutningsumboð samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1942 taki einnig til þess að taka við greiðslu samkvæmt fengnum dómi.

Stefndi hafi mátt gera ráð fyrir, að Guðný Höskuldsdóttir hefði fullt umboð til þess að taka við greiðslum samkvæmt dóminum. Önnur niðurstaða sé óeðlileg og myndi leiða til réttaróvissu.

Verði sýknukrafa ekki tekin til greina, er þess krafist, að varakrafa stefnanda verði tekin til greina, en ekki aðalkrafa.

Niðurstaða.

Atvik máls þessa eru óumdeild. Ágreiningur aðila er um það, hvort í málflutningsumboði Guðnýjar Höskuldsdóttur hrl. hafi falist umboð til þess að taka við tildæmdum bótum stefnanda samkvæmt dómi Hæstaréttar 23. maí 1991 í máli nr. 117/1988.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1942 skal héraðsdómslögmaður, hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra talinn hafa umboð, er hann sækir dómþing fyrir aðila, nema annað sé sannað. Í grein þessari er umboð lögmannna takmarkað við flutning máls fyrir dómi. Ákvæði tilvitnaðrar greinar veitir ekki lögmonnum heimild til þess að taka við greiðslu tildæmdra fjárhæða. Ekkert er fram komið um, að stefnandi hafi veitt Guðnýju Höskuldsdóttur sérstakt umboð til þess að taka við hinni tildæmdu fjárhæð. Greiðsla stefnda til lögmannsins var því á eigin áhættu stefnda.

Fjárhæð sú, sem stefndi var dæmdur til þess að greiða stefnanda með áðurgreindum dómi Hæstaréttar, nam samkvæmt útreikningi stefnda 18.

júlí 1991 samtals 3.621.387 kr. með vöxtum og 180.000 kr. í lögfræðikostnað. Af fjárhæðinni hefur stefnandi fengið 1.000.000 kr. frá Guðnýju Höskuldsdóttur og samtals 1.488.714 kr. úr ábyrgðarsjóði LMFÍ.

Stefndi er greiðsluskyldur gagnvart stefnanda skv. 95. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 vegna fjárhæðar þeirrar, sem á vantar, til þess að stefnandi hafi fengið greiddar fullar bætur samkvæmt framangreindum dómi Hæstaréttar.

Aðalkrafa stefnanda, sem er tölulega í samræmi við dóm Hæstaréttar að teknu tilliti til greiðslna þeirra, sem stefnandi hefur fengið, verður því tekin til greina.

Samkvæmt 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem að teknu tilliti til virðisaukaskatts ákveðst 236.500 kr. Fjárhæð þessa greiði stefndi í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda, þar með talin þóknun til lögmanns hans, Tómasar Jónssonar hdl., 233.200 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar hf., greiði stefnanda, Aðalbirni Steingrímssyni, 982.441 kr. með 22% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% frá þeim degi til 30. apríl 1987, með 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% frá þeim degi til 21. sept. 1987, með 17% frá þeim degi til 11. okt. 1987, með 19% frá þeim degi til 1. nóv. 1987, með 20% frá þeim degi til 1. des. 1987, með 22% frá þeim degi til 1. mars 1988, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags að frádregnum innborgunum 14. júní 1991 500.000 kr., 14. júlí 1991 500.000 kr., 10. apríl 1992 992.476 kr. og 15. janúar 1993 496.238 kr. Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1989.

Stefndi greiði 236.500 kr. í málskostnað, sem renni í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Tómasar Jónssonar hdl., 233.200 kr., greiðist úr ríkissjóði.